

33. gr.

Eftirlit og úttekt.

Áður en einstökum hlutum miðstöðvarkerfisins er lokað, skal eftirlitsmanni bæjartæknifræðings gert viðvart með hæfilegum fyrirvara, og skal hann þá gefa út vottorð um ástand (úttekt) lagnarinnar.

34. gr.

Nýjungar.

Komi fram nýjungar í efni eða frágangi sem þessi reglugerð nær ekki yfir, getur bæjartæknifræðingur veitt samþykki sitt, enda uppfylli nýbreytnin svipaðar kröfur og gert er ráð fyrir í reglugerð þessari.

III. KAFLI REFSIÁKVÆÐI

35. gr.

Nú brýtur pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, og getur þá bæjartæknifræðingur veitt honum áminningu. Enn fremur getur bæjarstjórn svipt hann löggildingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

36. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 300 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem bæjartæknifræðingur hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er bæjartæknifræðingi þá heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestið hér með skv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.

II. KAFLI**3. gr.**

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Upphæð heimæðagjaldsins er sem hér segir:

Rúmmál hússins m ³ (utanmál)	Heimæðagjald
Allt að 400	kr. 129 750
400 að 2 000	— 129 750 fyrir 400 m ³ + 104 kr/m ³ þar yfir
2 000 að 6 000	— 295 250 fyrir 2 000 m ³ + 89 kr/m ³ þar yfir
6 000 að 10 000	— 648 758 fyrir 6 000 m ³ + 78 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000	— 960 160 fyrir 10 000 m ³ + 67 kr/m ³ þar yfir

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega í tengigjald kr. 15 500.00 fyrir hvern mæli allt að 1" að stærð, kr. 50 000.00 fyrir mæli allt að 2" að stærð og kr. 72 000.00 fyrir mæli allt að 3" að stærð.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

4. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að eigendum eldri húsa, sem tengjast fjarhituninni, verði heimilað að greiða heimæðagjaldið með jöfnum greiðslum á allt að þrem árum frá því heimaug er tengd. Heimild þessi nær einnig til þeirra, sem misstu hús sín af völdum jarðeldanna.

5. gr.

Fjarhitunin leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er upphæð hennar á mánuði eftirfarandi:

A. Fyrir mæla allt að ¾"	kr. 450.00
B. Fyrir mæla allt að 2"	— 900.00
C. Fyrir mæla allt að 3"	— 1 800.00
D. Fyrir varmamagnsmæla skal greiða á mánuði 1,7% af kaupverði slíks mælis á hverjum tíma.	

6. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 140.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

7. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 3.50 kr/M CAL miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu í stofn- og rekstrarkostnaði.

8. gr.

Rafveita Vestmannaeyja annast mælaálestur og innheimtu gjalds fyrir vatnsnotkun og mælaleigu. Verður gjaldið innheimt annan hvern mánuð.

9. gr.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustaða skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum. Gjaldkræft er heimæðagjaldið strax að lokinni tengingu, sbr. þó heimild í 4. gr.

10. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja er heimilt að hækka eða lækka heimæðagjöld sín og mælaleigu í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjaldið fyrir heitavatnsnotkunina má hins vegar hækka eða lækka í samræmi við breytingu á verði gasolíu.

Þó má meðalheildarkostnaður við hitun þeirra húsa, sem tengjast fjarhituninni, aldrei fara fram úr meðalheildarkostnaði hitunar með oliukyndingu.

Gjöld samkv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitöluna 1881, og olíuverð kr. 20.20 pr. lítra af gasolíu.

III. KAFLI**11. gr.**

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Fjarhitunin hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 700.00 fyrir hvert skipti.

13. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálstan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI**14. gr.**

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.